



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands í borgarráði varðandi viðbrögð vegna kynþáttafordóma í skólum

Á fundi borgarráðs 7. janúar 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fyrirspurnir varðandi viðbrögð við kynþáttafordómum í skólum: Hvernig er brugðist við ef rasísk atvik koma fram innan skóla Reykjavíkurborgar? Hvaða verklag styðst Reykjavíkurborg við ef að rasísk atvik eiga sér stað innan skóla- og frístundastarfs? Hvernig er tekist á við kynþáttafordóma innan skóla Reykjavíkurborgar? Hvernig er unnið með foreldrum/forráðamönnum, börnum og ungmennum ef að slík atvik eiga sér stað? Hvernig er Reykjavíkurborg að vinna gegn kynþáttafordómum og útlendingaandúð innan skóla- og frístundastarfs? Er fræðslan ólík eftir skólastigum?

Svar:

Þegar kynþáttafordómar koma fram innan grunnskóla hjá borginni teljast slík atvik sem brot á skólareglum eða 2. stigs hegðunarfrávik og er verklagsreglum fylgt í samræmi við alvarleika brotsins. Í öllum tilvikum er rætt við nemandann eða nemendurna sem eiga í hlut. Ef brotið er gróft eða endurtekið þá er foreldrum/forsjáraðilum tilkynnt um brotið og þeir boðaðir á fund í skólanum. Gripið er til þeirra aðgerða sem þörf er talin á hverju sinni. Stundum nægir að ræða við nemendur, með eða án foreldra/forsjáraðila en stundum þarf að bregðast við á annan hátt s.s. að fá inn sérstaka fræðslu um fjölbreytileika, mannréttindi og kynþáttafordóma fyrir nemendur.

Til að efla og styrkja starfsfólk til að koma auga á og bregðast við kynþáttafordómum stendur ýmis fræðsla og ráðgjöf til boða eins og sjá má hér fyrir neðan.

Fyrir starfsfólk leikskóla:

- Fræðsla er í boði fyrir leikskólastarfsfólk skóla- og frístundasviðs m.a. um fjölmenningsleg viðhorf og fordóma frá verkefnastjóra fjölmennings fyrir leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar og í samstarfi við Miðju máls og læsis.
- Lærdómssamfélag um sköpun, lýðræði og fjölbreytileika var í boði fyrir leikskólastarfsfólk á haustönn 2020. Verkefnastjóri fjölmennings fyrir leikskóla, verkefnastjóri barnasáttmálans og leikskólaráðgjafi héldu utan um það.

- Tengiliðir fjölmennningar í leikskólunum hittast á um tveggja mánaða fresti og fræðast og ræða um ýmis mál tengd m.a. fjölmenningu, viðhorfum, fordómum, millimenningu o.fl. Verkefnastjóri fjölmennningar fyrir leikskóla heldur utan um fundina.
- Leikskólum er m.a. bent á fræðslu Mannréttindaskrifstofu og fræðslu/námskeið Intercultural Iceland um fjölmenningu og fordóma.
- Nokkur myndbönd um millimennningarfræðslu eru í verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar: <https://menntastefna.is/tool/millimennningarfraedsla/>.
- Hvatt er til þess að efniviður leikskólans sé fjölbreyttur, börnin hafi val um marga mismunandi húðliti í litakassanum, dúkkur séu af mismunandi litarhætti, bækur séu fjölbreyttar o.fl. Hér eru gátlistar til að meta og fara yfir umhverfi leikskólans: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/mat_umhverfi_skolans.pdf og skilaboð í barnabókum: <https://reykjavik.is/allir-med/skilabod-i-barnabokum>.

Fyrir starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs

- Reglulega er boðið upp á fræðsluerindi fyrir starfsfólk í grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum á vegum SFS sem lúta að fjölmenningu, fordómum o.s.frv. Þar má nefna Millimennningarfræðslu, Fræðslu um skóla án aðgreiningar, Fjölmennung er fjársjóður, Við erum öll ólík, við erum öll eins, Viðhorf og samskipti í fjölbreyttum nemenda- og foreldrahópi, Ég er fjöltyngdur Íslendingur, Brú milli menningarheima og ýmis fleiri.
- Fræðsla á vegum Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur tekur sérstaklega fyrir umræðu um útlendingaandúd o.fl. og eru starfsstöðvar SFS hvattar til að fá þá fræðslu til sín.
- Brúarsmiðir og tvítýngisráðgjafar Miðju máls og læsis bjóða upp á margskonar fræðslu fyrir starfsmenn SFS, nemendur og foreldra um tví- og fjöltyngi í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. Boðið er upp á stutt erindi, námskeið, fræðslufundi, vinnufundi og ráðgjöf með eftirfylgd: Frekari upplýsingar má finna hér <https://mml.reykjavik.is/bruarsmidi/#av-tab-section-1-3>

Fyrir börn, unglunga og aðstandendur

- Verkefnastjóri fjölmennningar og brúarsmiður Miðju máls og læsis hafa verið með fræðslu fyrir miðstig og unglingastig um fjölbreytileika, fordóma og viðhorf þar sem sjónum er beint að því að ræða um fjölbreytileikann, um fordóma, viðhorf og fjölmennningarlegt samfélag.
- Foreldrafræðsla á vegum verkefnastjóra fjölmennningar og starfsfólks Miðju máls og læsis er í boði fyrir foreldrafélög en skólar geta einnig óskað eftir henni. Í slíkri fræðslu hefur þótt farsælast að bjóða upp á fjölmennningarfræðslu fyrir íslenskumælandi foreldra og síðan fræðslu fyrir foreldra af erlendum uppruna varðandi íslenskt skólakerfi. Að fræðslu lokinni setjast foreldrar niður og vinna saman að stuttu fjölbreytileikaverkefni.